

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.
Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

224. tbl - 5. árg.

13. október 2005



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR

-bakhjarl í byggð-

Sameiningartillaga felld

Laugardaginn 8. október var kosið um sameiningartillögu sem fól í sér að fimm sveitarfélög á Snæfellsnesi yrðu sameinuð. Það eru sveitarfélögin Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmur og Eyja- og Miklaholtshreppur.

Úrslit kosninganna urðu þau að sameiningartillagan var felld í öllum sveitarfélögum, mesta þátttakan var í Eyja- og Miklaholtshreppi þar sem að kosningaþáttaka var 84,7% og þar var einnig minnstur munur á milli fylkinga. 43,3% sögðu já en 56,7% sögðu nei. Í Helgafellssveit var kosningaþátt-



taka 70,8% og þar voru 75,8% á móti sameiningu en 24,2% voru með. Í Grundarfjarðarbæ mættu 69,3% kosningabærra íbúa á kjör-

stað og þar var mesta andstaðan við sameiningu, 85,5% greiddu atkvæði gegn

sameiningu en aðeins 14,5% vorufylgjandi sameiningu.

Í Snæfellsbæ var kjörsóknin 59,4% og þar sögðu 20,6% já en nei sögðu 79,4%. Í Stykkishólmi sögðu 35% já en 65% sögðu nei, þar var kjörsóknin 55%.

Greinilegt er á þessum tölum að kjörsókn var með minna móti, sem dæmi má nefna að kjörsókn í síðustu tveimur bæjarstjórnarkosningum hefur verið yfir 90% í Snæfellsbæ og á milli 85 og 90% í Stykkishólmi og Grundarfirði.


FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

HÚS TIL SÖLU

Ísverksmiðja Breiða ehf.



Undirrituðum hefur verið falið að afla tilboða í Ísverksmiðju Breiða ehf sem staðsett er að Norðurtanga 8, Snæfellsbæ. Verkmiðjan er í 363 fm stálgrindarhúsi byggðu árið 2000 og er vel tækjum búin. Nánari upplýsingar veittar á skrifstofunni.

Hraunás 12




165,6 fm.steinsteipt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 57 fm. bílskúr byggðum 1982. E.h. skiptist í forstofu, gang, stofu, eitt svefnherbergi og eldhús. Nýlegar flisar eru á forstofu, gangi og baðherbergi, nýlegt gegnheilt parket er á stofu og korkflisar eru á eldhúsi. Nýleg eldhúsinnrétting og nýjar innhurðir á

e.h. N.h. skiptist í gang, þrjú herbergi, þvottahús og forstofu. Nýjar flisar og tæki eru baðherbergi á n.h. Nýjrir gluggar og gler er í húsinu og þak er nýlegt. Að utan er húsið klætt með stálklæðningu. Gott útsýni er frá húsinu.

Verð 11.500.000,-.

Fasteigna- og skipasala Snæfellsness
Pétur Kristínsson, hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali.
Sími 438-1199, netfang pk@simnet.is
Heimasíða: fasteignsnae.is

GUTTI
Bílaverkstæði



VETRARDEKK - VETRARDEKK

Jeppa og fólkubíladekk.

Vetrar- og burðardekk undir sendibíla

Visa og Euro - raðgreiðslur

Við Hvalsá, Ólafsvík. Tímamantir í síma 436 1484, 690 6322 & 860 0734

Til sölu



Ólafsvík
Grundarbraut 24 er til sölu. Húsið er á tveimur hæðum og byggt úr steypu árið 1960. Efri hæðin er 120 fm og samanstendur af forstofu, holi, fjórum herbergjum, stofu, eldhúsi, og baðherbergi. Forstofan er með flisum og á holi, herbergjum og stofu er parket. Í eldhúsi er góð innrétting og á gólfu er parket. Á baðinu eru flisar. Neðri hæðin sem er 40 fm. samanstendur af flislagðri forstofu, herbergi, eldhúsi og stofu sem á er parket. Á baðinu eru flisar. Á neðri hæðinni er einnig sameiginlegt þvottahús fyrir báðar hæðirnar. Á húsinu eru flislagðar svalir og við þær er góður tresólpallur. Húsið er klætt með canexklæðningu. Gluggar og þak er í góðu lagi. Skipti á minni eign koma til greina. Asett verð kr 15,5 millj.

Sjá upplýsingar um eignir í Snæfellsbæ
á valholl.is undir söluskrá

Nánari upplýsingar
hjá sölufulltrúa Valhallar í Snæfellsbæ:
Pétur S. Jóhannsson, sími: 436 1524 & 893 4718

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Ingólfur G. Gissurarson, löggiltur fasteignasali,
Síðumúll 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

Hugmyndasamkeppni

Í apríl næstkomandi munu blakfélögin í Snæfellsbæ halda Öldungamót í blaki. Á síðastliðnu móti á Akureyri mættu 100 lið til leiks þannig að við eigum von á fjölda fólks 30 ára og eldri sem kemur saman að spila blak og skemmta sér hér í Snæfellsbæ eina helgi.


Viljum við því standa vel að verki og halda glæsilegt mót í Snæfellsbæ og óskum því eftir hugmyndum að mótssmerki sem við munum nota við kynningu á mótinu, á verðlauna-gripi og fleira í tengslum við mótið.

Í boði verða vegleg verðlaun fyrir bestu hugmyndirnar:

- | | |
|-------------|--------|
| 1. verðlaun | 15.000 |
| 2. verðlaun | 2.500 |
| 3. verðlaun | 2.500 |

Hugmyndum ber að skila inn fyrir 30. nóvember annaðhvort í tölvupósti: kina@fmis.is eða bréfleiðis: Kristina Andersson Sandholti 44 355 Snæfellsbær. Sími: 892 6985. Ef einhverjar spurningar vakna þá hafið endilega samband.

Verðlauna- og minjagripa-nefnd Öldungamóts
Kristina, Júniana, Kolla og Unnur



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Stofnun Krabbameinsfélags Snæfellsness

Þriðjudaginn 27. september 2005 var haldin undirbúningsfundur að stofnun krabbameinsfélags á Snæfellsnesi. Á fundinn mættu 31 allsstaðar af á nesinu. Ákveðið var á þeim fundi að stofna krabbameinsfélag Snæfellsness og valið í stjórn. Í stjórn eru Sigríður Herdís Pálsdóttir formaður

Grundarfirði, Jóhanna Guðbrandsdóttir Stykkishólmi, Sveinbjörg Eyvindsdóttir Hellnum og Guðmunda Hagalín Þórðardóttir Hellissandi.

Þeir sem vilja gerast aðilar að félaginu geta fyllt út umsókn á Heilsugæslustöðvunum í Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi.



Bæjarblaðið
Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson
Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Atvinna - Bréfberastarf

Íslandspóstur hf Hellissandi óskar að ráða bréfbera til starfa frá 1. nóvember n.k.

Um er að ræða 75% starf
Upplýsingar um starfið
gefur afgangslustjóri í síma 436-6600.
Umsóknarfrestur er til 21.10.05



Íslandspóstur hf. Hellissandi

Hárgreiðslustofa
Gunnhildar

verður lokuð vikuna 15. - 23. október
þar sem að ég verð á
hárgreiðslunámskeiði í New York.

Gunnhildur Hafsteinsdóttir

Kríuból opnar



Fimmtudaginn 29. september, var opið hús á leikskólanum Kríubóli á Hellissandi. Sama dag var formleg vígsla á nýbyggingu leikskólans sem er öll hin glæsilegasta.

Hátíðahöldin byrjuðu á söng leikskólabarna en að því loknu var klippt á borða

sem tákn um opnunina. Var síðan börnum, foreldrum og öðrum gestum boðið í þetta líka fína kaffihlaðborð sem var fylgt úr hlaði með fyrirtaks leiksýningu nokkurra barna á Rauðhettu og úlfinum.

Meðfylgjandi mynd er frá opnuninni.

Kveðjumessa í Ólafsvík



Síðastliðinn sunnudag var kveðjumessa Sr. Óskars Hafsteins Óskarssonar sóknarprestis í Ólafsvík en hann heldur til annarra starfa eftir nokkurra ára þjónustu þar vestra. Fullt var út úr dyrum í Guðsþjónustunni og sömuleiðis í kirkjukaffi í Safnaðarheimilinu eftir messu og fór ekki á milli mála að prestsins verður sárt saknað. Var Óskari og Elínu Unu konu hans færðar gjafir og óskir um vel farnað á nýjum stað.

Fimm umsækjendur hafa sótt um sóknarpreststöðu þá sem sr. Óskar er að hætta í. Embættið er veitt frá 1. nóvember 2005 og rann um-

sóknarfrestur út 4. október síðastliðinn.

Umsækjendur um Ólafsvíkurprestakall eru;

Aðalsteinn Þorvaldsson, guðfræðingur

Ingólfur Hartvigsson, guðfræðingur

Klara Hilmarsdóttir, guðfræðingur

Sr. Magnús Magnússon

Sr. Valdimar Hreiðarsson

Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar í embættið til fimm ára að fenginni niðurstöðu valnefndar. Valnefnd skipa fimm fulltrúar úr prestakallinu, auk vígslubiskups Skálholtsbiskupsdæmis.



Tónlistarskóli Snæfellsbæjar
Hjarðartún 6, 355 Snæfellsbær

Aðalfundur

Foreldra - og styrktafélag
Tónlistarskóla Snæfellsbæjar

verður haldinn
þriðjudaginn 18. október næstkomandi
kl. 20:00,

í sal tónlistarskólans að Hjarðartúni 6

Foreldrar eru hvattir til að mæta...

Stjórnin



GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR
Hellissandi - Ólafsvík - Lýsuhólsskóla
Virðing - víska - víðsýni

Fundur

Aðalfundur foreldrafélags
Grunnskóla Snæfellsbæjar verður
haldinn í Grunnskólanum í Ólafsvík
mánudaginn 17. október kl. 20:00

Fundarefni:

Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Ágætu foreldrar/forráðamenn:

Við erum öll félagsmenn í þessu félagi
Verum virk og mætum á fundinn

Kveðja
Stjórnin



STEINPRENT

Sandholt 22, Ólafsvík

S: 436 1617 · Fax: 436 1610

Tólf sporin Andlegt ferðalag

Boðið verður upp á Tólf spora hópstarf í Grundarfjarðarkirkju í vetur í samvinnu við nágrannaprestaköllin. Starfið hefst laugardaginn 15. okt. kl. 12:30-17 og síðan á vikulegum fundum á miðvikudagskvöldum í vetur sem hefst með helgihaldi í kirkjunni kl. 20:00 í beinu framhaldi hefst svo hópstarf kl. 20:30

Unnið verður í litlum hópum þannig að heima er lesið

efni og spurningum svarað og síðan verður svörunum deilt með hópnum. Lögð er áhersla á nafnleynd og trúnað. Til að taka þátt í 12 spora starfinu þarf aðeins löngun til að auka lífsgæði sín á félagslega-og andlega sviðinu. Við þurfum ekki að hafa nein skilgreind vandamál, fíkn eða slíkt. Nánari upplýsingar veitir Elínborg Sturludóttir í s. 438 6640 / 847 1475.



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · Netf. bylgja@bylgja.is

VIRKIÐ auglýsir

Síminn hjá okkur er: 436 6844

AFGREIÐSLUTÍMI: Mánud. - föstud. 9-19 - laugard. 13-18 - sunnud. 13-16

**Villikryddað
hátíðarlambalæri**



20%

Afsl. við kassa

Kjúklingabitar

3 læri, 3 leggir og 3 vængir.



30%

afsl. við kassa!!

Ali
bjúgu



20%

Afsl. við kassa

Fanta 2L



99,-

Gæða hveiti

2kg



69,-

Bómullarskifur



129,-

Jasmin hrísgrjón 1 kg.



159,-

Appelsínur



89^{kr/kg}

Stjörnu hrásalat

350 gr.

149,-

Jöklakál



149^{kr/kg}

Verð velkomin!

VIRKIÐ

- Fyrir þig -

.....OG MARGT MARGT FLEIRA!

INGJALDSHÓLSKIRKJA
Sunnudaginn 16. október

Guðspjónusta kl. 11:00

Kirkjukór Ingjaldshólskirkju syngur
undir stjórn Kay Wiggs

Sunnudagaskólinn er í kirkjunni
á sama tíma.

Komum saman í húsi Drottins til
bænar og þakkargjörðar.

Sóknarprestur

Jólahlaðborð
laugardaginn 26. nóvember

Forréttir

Reyktur og grafinn lax, hreindýrapaté, villigæsapaté, blandaðir sjávarréttir, 3 tegundir af síld, laxapaté og villisveppasúpa.

Aðalréttir

Hangikjöt, jólaskinka, rifjasteik og lambalæri
ásamt tilheyrandi meðlæti

Eftirréttir

Ris á la mand með hindberjasósu, sherrytrifle og súkkulaðimousse.

Verð aðeins 5.000 kr

10% afsláttur
ef 10 eða fleiri bóka saman

Leikið verður fyrir dansi að borðhaldi í ökknu.

Borðapantanir
í síma 436 1650

Óktoberfest

22. október

Hljómsveitin Pardusinn

leikur fyrir dansi

Tilboð á bjór

hotelolafsvik@simnet.is
www.hotelolafsvik.is



Hótel Ólafsvík | Ólafsbraut 20 | 355 Ólafsvík | Sími 436 1650